

Jóhannes



Kvikmyndagerð í kreppu

Lítið ævintýri


- Hvað þarf til þess að menn fari án styrkja úti kvikmyndagerð á Íslandi?
- Þekkingarleysi. Hefði ég sem framleiðandi td. Haft meiri þekkingu á kvikmyndagerð hefði ég aldrei trúað því að hægt væri að gera bíómynd, frá handriti að sýningu í bíó á 5 og ½ mánuði.
- Efnahagslægð. Færri auglýsingaverkefni en í góðærinu hjálpaði okkur mikið. Hægt var að fá dýran mannskap og tækjabúnað á mun viðráðanlegra verði en áður. Menn voru líka vegna minni verkefnastöðu til í að taka áhættu með okkur.

Lítið ævintýri

- Löngun í ævintýri. Auðvitað þarf fólk að vera „ævintýragjarnir áhættufíklar“ til þess að fjármagna kvikmynd fyrir „örmarkaðssvæði“ eins og Ísland án styrkja. Meðaltalsaðsókn íslenskra bíómynda gefur ekki tilefni til þess að búast við því að fjárfestingin skili sér. En í okkar ævintýri endaði allt vel og fjárfestingin skilaði ágætis ávöxtun. Við þurftum 25 þúsund bíógesti til þess að ná núlli. Myndin tók ca. 37 þúsund manns í bíó og áætlað er að selja 10 þúsund dvd fyrir jól. 20% endurgreiðsla frá lőnaðarráðuneyti kom sér líka vel.

Tölulegar upplýsingar um nýlegar Íslenskar kvikmyndir

Aðsókn



Íslenska kvikmyndavorið

- Mikil gróska var í kvikmyndagerð á Íslandi á árunum 1982 til 1985. Á þeim tíma komu út 14 myndir á 3 árum.
- Meðal mynda sem þá voru gerðar voru klassíkerar eins og Nýtt líf þrítugían, Með allt á hreinu og Rokk í Reykjavík.
- Þetta voru ár óðaverðbólgu og mikilla efnahagsþreninga. En kvikmyndagerðarlistin blómstraði. Aftur gerðist þetta svo á tímum þrenginga 1992 og 1993. Urðu þá til myndir eins og Sódóma.

Forsendur þess að Jóhannes gekk upp

- Gríðarlega mikil ráðdeildarsemi í fjármálastjórn. Ekki vikið frá áætlun. Myndin fór samt 20% fram úr áætlun. En það þykir ekki mikið. Sérstaklega ekki í ljósi þess þrönga stakks sem verkefninu var upphaflega sniðinn. Hækkun þó nær eingöngu vegna bónusa lykilmanna.
- Fastmótað tímaplan sem ekki mátti fara fram úr. Það náðist vegna þess að þrátt fyrir skamman tíma var allt æft í þaula og tókuplan teiknað upp fyrirfram. Tökur voru áætlaðar í 15 daga og voru kláraðar degi á undan áætlun.

Forsendur þess að Jóhannes gekk upp

- **Ótrúlega stuttur framleiðslutími/hraðara fjárstreymi**
- Handrit var tilbúið 1. maí
- Tökur hófust 29. júní, tökum lauk 17.júlí
- Klipping hófst á sama tíma og tökur og sparaði það mikinn tíma. Klippingu lauk 1. okt.
- Mynd sýnd í bíó 15. okt. 5 ½ mánuði frá því að handrit var tilbúið.
- 3. des. Kom dvd diskur út.

Forsendur þess að Jóhannes gekk upp

- Leikarar sem selja.
- Mynd án styrkja sem þarf aðsókn og vinsældir til þess að ganga upp þarf númer, 1,2 og 3 vinsæla leikara.
- Það var ein aðalforsenda þess að við lögðum af stað í að framleiða Jóhannes. Um leið og Laddi kvittaði undir var ljóst að aðsóknarlega myndi myndin ganga upp næði hún á tjaldið.

Forsendur þess að **Jóhannes** gekk upp

- Leikarar valdir til þess að selja öllum aldurshópum.
- Stefán Karl, Unnur Birna, Arnar Karl (Flemming Geir úr næturvaktinni) og Halldór Gylfason
- Herdís Þorvalds og Guðrún Ásmunds
- Með Ladda og ofangreindum þyrfti myndin að vera mjög léleg til þess að fá ekki aðsókn yfir meðallag.

Forsendur þess að Jóhannes gekk upp

- **Réttur maður á réttum stað.**
- Þegar ákveðið var endanlega að leggja af stað í gerð myndarinnar var búið að tryggja reynslumikið fólk í öll helstu hlutverk framleiðslunnar. Sá sem hafði minnsta reynslu var ég, framleiðandinn, sá sem hafði næstminnsta reynslu var leikstjórinn. Fleiri voru ekki blautir á bakvið eyrun.
- Aðstoðarleikstjóri, aðaltökumaður, tókumenn, ljósameistari, klippari, eftirvinnslustjóri myndar, hljóðupptökustjóri og meðframleiðandi. Allt voru þetta sérfræðingar með dýrmæta reynslu.

Forsendur þess að Jóhannes gekk upp

- Létt og skemmtilegt handrit. Jóhannes er mjög létt handrit. Það er ekki skrifað til þess að breyta lífi þínu og það á ekki að skilja neitt eftir nema það að þú hafir haft það gaman í 80 mínútur.
- Rétti tíminn. Leiðindaumræða árið á undan og endalaust þunglyndi hjálpaði örugglega uppá aðsókn á myndina. Hinsvegar vann á móti ótti eldra fólks og barnafólks við svínaflensuna og minni neysla vegna efnahagsástandsins.

Forsendur þess að **Jóhannes** gekk upp

- Það að hægt var að gera alla myndina hér heima gerði okkur að mestu ónæma fyrir verðhækkunum vegna gengishruns.
- Fyrsta og eina myndin sem hefur að öllu leyti verið framleidd á Íslandi. Öll eftirvinnsla var unnin héraendis, hljóð, litaleiðrétting og yfirfærsla á DCP (e. Digital Cinema Print).

Forsendur þess að **Jóhannes** gekk upp

- Digital tæknin gerði okkur kleift að spara stórkostlegar fjárhæðir miðað við heildarkostnað myndarinnar.
- Hefði myndin t.a.m. Verið sett á filmu print hefði kostnaðurinn verið miklu mun hærri. Verð á filmuprinti hefur rúmlega tvöfaldast vegna krónunnar.

Forsendur þess að Jóhannes gekk upp

- Myndin var skotin á digital vélar. Allan tímunn notuðum við tvær vélar af gerðinni Thompson Viper en þær voru td. Notaðar við tökum á Latabæ. Hollywood myndin The Curious Case of Benjamin Button var líka tekin upp á eins vélar.
- 3 bíó héraendis eru komin með digital cinema og sýndum við myndina í tveimur þeirra. Í öðrum bíóum fundum við líka leið til þess að sýna myndina í boðlegum digital gæðum. Myndin var því frumsýnd í 9 kvikmyndahúsum.

Forsendur þess að **Jóhannes** gekk upp

- Öll vinna við yfirfærslu á dcp og lausnir á öðrum leiðum til sýninga voru unnar hér á landi.
- Mestu munaði um sérfræðipokkingu á digital tækninni sem fengin var að mestu úr smiðju Tómasar Tómassonar sem er eigandi VISION og aðaltökumaður Latabæjar.

Lítið ævintýri sem gekk upp...

- Kvikmyndin Jóhannes gekk upp. 37 þúsund bíógestir og söluhæsti dvd diskurinn fyrstu jólahelgina.
- Gott fólk sem kom að myndinni og löngunin til þess að gera eitthvað skemmtilegt í leiðinlegri kreppu skilaði því bæði skemmtilegri og vinsælli mynd.
- En eins og Orson Wells sagði, eitthvað á þessa leið þegar hann gerði sína fyrstu mynd „Citizen Kane”. **Galdurinn er að kunna að hundsá ráðleggingar. Annars leggur maður aldrei af stað.**

JÓHANNES

LADDI STEFÁN KARL HERDÍS ÞORVALDS STEFÁN HALLUR OG UNNUR BIRNA



SUMIR DAGAR...